

BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Vefang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Anton Torfi Bergsson

1.bréf 2018

Febrúar

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands verður haldinn að Hvanneyri, Ásgarði, mánudaginn 9. apríl 2018 og hefst kl. 13:00.

- Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
 2. Erindi gesta
 3. Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum í aðildarfélögum búnaðarsamtakanna, með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn BV

Umsóknir um styrki vegna vatnsveitna á lögbýlum

Opnað hefur fyrir umsóknir á Bændatorginu vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á framkvæmdarárinu 2018. Sækja verður um fyrir **1. mars** vegna framkvæmda á þessu ári. Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum á Bændatorginu. Með umsókn þarf að fylgja kostnaðaráætlum og umsögn ráðunauts (BV eða RML). Þeir sem áttu samþykktar umsóknir á sl. ári en framkvæmdu ekki þurfa að sækja um aftur. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S Sigurjónsdóttir, fulltrúi á búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar (gudrun.sigurjonsdottir@mast.is). Einnig er hægt að hafa samband við Torfa Bergsson hjá BV (atb@bondi.is)

Bókhaldsþjónusta BV vill minna viðskiptavinum á að skila inn gögnum sem fyrst, bæði vegna VSK-skila sem eru 1. mars nk. og fyrir uppgjör vegna skattskila, frestur vegna skattskila er alltaf að verða styttri og því mikilvægt að geta byrjað sem fyrst í mars.

Túnkort - landgreiðslur

Nú hafa flestallir bændur fengið greiddar landgreiðslur í fyrsta sinn samkvæmt nýja búvörusamningnum. Ef einhverjir eiga eftir að láta teikna túnkort eða þurfa að lagfæra eldri gögn er gott að nota tímunn nú og hafa samband við Búnaðarsamtökin, þar sem Helgi Már Ólafsson (helgim@bondi.is) mun áfram sinna þeim störfum. En skilyrði fyrir landgreiðslum er að túnkort séu til í gagnagrunninum jörð.is og þar sé skráð uppskera. Úttektir á sl. hausti voru unnar að miklu leyti út frá gervitunglamyndum, þar sem sést vel hvort tún hafa verið slegin, eins var með úttektir vegna jarðabótastyrkja.

Nautgripasæðingar

Aðstaða á kúabúum til sæðinga er nokkuð sem alltaf er í umræðunni og er ansi misjöfn og hafa frjótæknar ítrekað lent í vandræðum vegna ófullnægjandi aðstæðna. Hefur því verið ákveðið að starfsmaður BV heimsæki þá bændur þar sem úrbóta er þörf, og ræði hvernig best er að ráða bót á því.



Hér er dæmi um góða aðstöðu til sæðinga.

Gjaldskrá BV - gildir frá 01.01.2018	verð án vsk
Tímagjald, til félagsmanna BV, klst.	6.000 kr.
Tímagjald, utan félags, klst.	12.000 kr.
Kúasæðing, verð til félagsmanna	3.410 kr.
Kvígusæðing, verð til félagsmanna	1.860 kr.
Kúasæðing án mjólkurframleiðslu	6.200 kr.
Heimsóknargjald v. Sæðinga	2.500 kr.
Kúasæðing með spermvital, verð til félagsmanna	4.410 kr.
Tímagjald í klaufskurði, klst.	10.000 kr.
Komugjald í klaufskurði	25.000 kr.
Prífagjald í klaufskurði	10.000 kr.
Leiga á rafstöð klst. (í klaufskurði)	1.000 kr.
DNA greining pr. Hross	7.800 kr.
DNA sýntataka, heimsóknargjald	2.500 kr.
Skráningargjald v.DNA	300 kr.
Túnkortagerð. Leyfisgjald	16.453 kr.
Umsýslugjald v. Túnkorta, prentun og plöstun	2.000 kr.

